



Þingeyjarsveit

Sampykkt af skipulags-  
og byggingarfulltrúa.

13. des. 2018

*Þjónn Þykjal*  
skipulags- og byggingarfulltrúi

## FRAMKVÆMDALEYFI

### Hólsvirkjun í Fnjóskadal

**Leyfisveitandi:**

Þingeyjarsveit  
Kt. 590602-2640  
Kjarna  
650 Laugar

**Leyfishafi:**

Arctic Hydro ehf.  
kt. 501115-1690  
Borgartúni 3  
105 Reykjavík

Desember 2018

Sveitarstjórn Þingeyjarsveitar samþykkti þann 13. desember, samanber einnig bókun skipulags- og umhverfisnefndar, dags. 13. desember 2018, erindi dagsett 11. desember 2018 frá Eflu verkfræðistofu, f.h. Arctic Hydro ehf um veitingu framkvæmdaleyfis fyrir

**Hólsvirkjun**, nánar tiltekið 5,5 MW vatnsaflsvirkjun í landi jarðanna Ytri-Hóls, Syðri-Hóls og Garðs í Fnjóskadal. Um er að ræða eftirtalda verkþætti:

- Lagningu á alls um 6.000 m langri aðfallspípu, með jöfnunarþró, frá stíflum að stöðvarhúsi.
- Lagningu á um 5.000 m löngum og 3,5-4 m breiðum slóða.
- Efnistöku á allt að 40.000 m<sup>3</sup> af efni úr bæði núverandi og nýjum efnistökusvæðum.
- Gerð á um 130 m frárennslisskurði frá stöðvarhúsi, undir Fnjóskadalsveg eystri (nr. 835), og að Fnjóská.

Leyfisveitandi: Þingeyjarsveit, kt 590602-2640, Kjarna, 650 Laugar,

Leyfishafi: Arctic Hydro ehf., kt. 501115-1690, Borgartúni 3, 105 Reykjavík,

#### **Gögn vegna leyfisumsóknar:**

- Yfirlitsuppdráttur af framkvæmd
- Deiliskipulagsuppdráttur
- Breyting á aðalskipulagi
- Matsskýrsla framkvæmdar ásamt viðaukum og umsögnum sérfræðinga
- Niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
- Minnisblað um vöktunaráætlun að framkvæmdum loknum
- Minnisblað um endurheimt votlendis að framkvæmdum loknum

Einnig hafa borist frá Rarik í tölvupósti dagsettum 11. desember 2018 uppdrættir af strengleiðinni frá stöðvarhúsi Hólsvirkjunar að Rangárvöllum á Akureyri og staðfesting á að RARIK hafi náð samkomulagi við öll sveitarfélög og landeigendur á strengleiðinni og gengið frá samningum við alla landeigendur og afhent þau skjöl til þinglýsingar skv. skilyrðum skipulags- og umhverfisnefndar í bókun frá 20. september 2018.

#### **Skipulagslegar forsendur leyfisveitingar:**

Framkvæmdaleyfið er gefið út á grundvelli sérstaks mats um framkvæmdina, HÓLSVIRKJUN, mat á umhverfisáhrifum, Efla 28.03.2018, og framkvæmdin er í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sbr. breytingu aðalskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn, dags. 4.10.2018 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 10.12.2018. Þá er framkvæmdin í samræmi við deiliskipulag Hólsvirkjunar, sem samþykkt var af sveitarstjórn 4.10.2018 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 12.12. 2018.

*Matsskýrsla framkvæmdar ásamt viðaukum og umsögnum sérfræðinga er að finna á eftirfarandi vefslóðum:*

- HÓLSVIRKJUN. Mat á umhverfisáhrifum - Efla matsskýrsla 28.03.2018

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1304/5901-001-UHM-002-V01%20H%C3%B3lsvirkjun%20matsk%C3%BDrsla.pdf>

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1304/5901-001-UHM-002-V01%20H%C3%B3lsvirkjun%20vi%C3%B0aukar%20%C3%BEjappa%C3%B0.pdf>

- Álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 12. júlí 2018 má finna á eftirfarandi vefslóðum:

<http://www.skipulag.is/media/attachments/Umhverfismat/1303/201711021.pdf>

### **Forsendur í lögum og reglugerðum fyrir leyfisveitingu:**

Skipulagslög nr. 123/2010, gr. 13. - 16.

Reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012.

Lög um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., sbr. m.a. 3. mgr. 61. gr. þar sem fyrir liggur samþykkt aðal- og deiliskipulag.

### **Skilyrði Skipulagsstofnunar og Þingeyjarsveitar fyrir leyfisveitingu:**

- Samkvæmt álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum frá 11. júlí 2018 telur hún nauðsynlegt að binda framkvæmdaleyfi eftirfarandi skilyrði:

*„Endurheimta þarf votlendi sömu stærðar og það sem þarf að skerða vegna Hólsvirkjunar. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Umhverfisstofnun um útreikninga á áhrifum framkvæmda á skerðingu votlendis áður en ráðist er í endurheimt.“*

- Skilyrði skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar frá 11. janúar 2018 og 20. september 2018:

*„Við útgáfu á framkvæmdaleyfi verða sett skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisáhrifa eins og t.d. rofs á vatnsbökkum lóna og vatnsstreymi við pípuskurð og mun Þingeyjarsveit meta að framkvæmdum loknum, í samráði við sérfræðinga á þessu sviði, hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg og hve oft og hvaða umhverfispætti skuli vakta.“*

Áður en framkvæmdir hefjast skal leyfishafi leggja fram greinargerð þar sem fram kemur hvernig hann muni bregðast við þessum skilyrðum Skipulagsstofnunar og skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar. Útgáfa framkvæmdaleyfis af hálfu leyfisveitanda er háð því að skilyrði Skipulagsstofnunar, skipulags- og umhverfisnefndar og sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar séu uppfyllt.

**Eftirlit með framkvæmdum:**

Skipulagsfulltrúi Þingeyjarsveitar hefur í umboði sveitarstjórnar reglulegt eftirlit með framkvæmdaleyfisskyldum framkvæmdum og að þær séu í samræmi við forsendur og útgefin leyfi.

**Gildistími framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið er ótímabundið, en miðast við framkvæmdatíma hinnar leyfisskyldu framkvæmdar.

Framkvæmdaleyfið fellur þó úr gildi hafi framkvæmd ekki verið hafin innan tólf mánaða frá útgáfu þess. Framkvæmd telst hafin þegar hreyft hefur verið við yfirborði jarðvegs á framkvæmdastað.

**Framkvæmdaleyfisgjald:**

Framkvæmdaleyfisgjald skv. gjaldskrá Þingeyjarsveitar að upphæð kr. 418.935,- verður innheimt vegna útgáfu framkvæmdaleyfis.

**Fyrirvarar og skilyrði framkvæmdaleyfis:**

Framkvæmdaleyfið er gefið út samkvæmt fyrirbyggjandi og meðfylgjandi málgögnum og með þeim fyrirvörum og skilyrðum sem þar koma fram og samkvæmt þeim lögum og reglugerðum sem hér er vísað til.

Framkvæmdaleyfið er gefið út í tveimur eintökum og skal það vera aðgengilegt eftirlitsaðilum á framkvæmdastað.

Laugum, Þingeyjarsveit, 14. desember 2018,

f.h. Þingeyjarsveitar



*Bjarni Reykjalin*  
Bjarni Reykjalin,

skipulags- og byggingarfulltrúi

*Framkvæmdaleyfi er gefið út skv. 13. – 16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010, reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi og í samræmi við ákvæði laga um náttúruvernd nr. 60/2013 m.s.br., Leyfishafa ber að kynna sér samræmd starfsleyfisskilyrði Umhverfisstofnunar og heilbrigðiseftirlits sveitarfélaga fyrir efnistöku vegna mengunarvarna, sbr. reglugerð nr. 550/2018 um losun frá atvinnurekstri og mengunarvarnaeftirlit. Almenn starfsleyfisskilyrði fyrir mengandi starfsemi sbr. auglýsingu nr. 582/2000 gilda einnig um starfsemina.*

Fylgiskjöl:

1. Afrit af bókunum skipulags- og umhverfisnefndar frá 13. desember 2018 og sveitarstjórnar frá 13. desember 2018 vegna veitingar framkvæmdaleyfis.
2. Umsókn um framkvæmdaleyfi dags 11. desember 2018, árituð af skipulags- og byggingarfulltrúa.
3. Minnisblað um vöktunarátætlun að framkvæmdum loknum
4. Minnisblað um endurheimt votlendis að framkvæmdum loknum
5. Yfirlýsing frá RARIK um samkomulag við sveitarfélögin og landeigendur á strengleiðinni.



Skipulags- og umhverfisnefnd –13.12.2018

---

108. fundur.

13. desember 2018 kl. 10:00 -12:00

Fundarstaður: Kjarni

---

**Fundarmenn:**

Ásvaldur Æ. Þormóðsson form.

Hlynur Snæbjörnsson

Jóna Björg Hlöðversdóttir

Nanna Þórhallsdóttir

Sæþór Gunnsteinsson

**Starfsmenn:**

Bjarni Reykjálín, skipulags- og byggingarfulltrúi

(fundarritari)

Helga Sveinbjörnsdóttir, umsjónarmaður

fasteigna og framkvæmda

Guðjón Vésteinsson, verðandi skipulagsfltr.

**Dagskrá:**

1. *Hólsvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.*
2. *Eyjardalsvirkjun. Aðal- og deiliskipulag.*
3. *Rangá. Umsókn um landskipti.*
4. *Fundardagar skipulag- og umhverfisnefndar á vormisseri 2019.*

**1. Hólsvirkjun. Umsókn um framkvæmdaleyfi.**

S20160401

Erindi dagsett 9. desember 2018 frá Verkfræðistofunni EFLU, fyrir hönd Arctic Hydro ehf., kt. 501115-1690, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, þar sem sótt er um framkvæmdaleyfi til Þingeyjarsveitar skv. 13.-16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna framkvæmda við fyrirhugaða Hólsvirkjun, nyrst í Fnjóskadal.

Sveitarstjórn samþykkti breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulagi vegna framkvæmdarinnar þann 4.10.2018. Skipulagstillögurnar hafa báðar verið staðfestar af Skipulagsstofnun.

Sótt er um leyfi fyrir eftirtaldar framkvæmdir:

- Lagningu á alls um 6.000 m langri aðfallspípu, með jöfnunarþró, frá stíflum að stöðvarhúsi.
- Lagningu á um 5.000 m löngum og 3,5-4 m breiðum slóða.

- Efnistöku á allt að 40.000 m<sup>3</sup> af efni úr bæði núverandi og nýjum efnistökusvæðum.
- Gerð á um 130 m frárennslisskurði frá stöðvarhúsi, undir Fnjóskadalsveg eystri (nr. 835) og að Fnjóská.

Hér á eftir er helstu verkþáttum lýst gróflega. Ítarlegri upplýsingar má finna í fylgigögnum.

### Lýsing á framkvæmd

Umsókn um framkvæmdaleyfi nær til áforma Arctic Hydro ehf. um byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar nyrst í Fnjóskadal, í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs. Virkjunarsvæðið nær frá Fnjóská upp á Hólsdal og Gönguskarð. Um er að ræða 5,5 MW vatnsaflsvirkjun, sem virkjar um 2,6 m<sup>3</sup>/s rennsli með 255 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu á stíflum í Hólsá og Gönguskarðsá, lagningu um 5.000 m langrar aðrennslispípu með jöfnunarþró, byggingu stöðvarhúss, lagningu nýs vegslóða og styrkingar eldri vegslóða. Áætluð efnispörf er um 30.000-40.000 m<sup>3</sup>.

### Stíflur

Stíflur framkvæmdarinnar eru háðar byggingarleyfi og í 4. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi segir að „framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi þurfa ekki framkvæmdaleyfi.“

### Aðrennslispípa

Frá Hólsdalsstíflu mun aðrennslispípa liggja með lágmarkshalla að jöfnunarþró. Við hana tengist aðrennslispípa frá Gönguskarðsstíflu, sem lögð verður á stöplum yfir Hólsá. Jöfnunarþró verður staðsett á hálsinum sunnan Garðsfells, niðurgrafin að mestu og með hámarkshæð um 4 m. Frá jöfnunarþró liggur þrýstipípa að stöðvarhúsi. Heildarlengd pípu verður um 5.000 m, niðurgrafin að mestu og allt að 1,2 m í þvermál. Áætluð efnispörf vegna lagningar pípu er um 15.000 m<sup>3</sup>.

### Aðkoma og vegagerð

Núverandi slóði liggur frá Garði, nærri áætlaðri pípuleið að Gönguskarði. Verður hann lagfærður á hálsinum sunnan Garðsfells og frá Gönguskarðspípu að stíflu á Hólsá. Nýr vegur verður lagður frá Ytra-Hóli að pípustæði og meðfram pípu að tengingu á Hólsdal. Þá verður lagður vegslóði meðfram pípu að stíflu í Gönguskarðsá, en Hólsá þveruð með vaði. Gert er ráð fyrir lágmarksjöfnun yfirborðs undir vinnuvegi og að 40-60 cm þykkt burðarlag verði keyrt út á lítið hreyft yfirborð. Vegur verður um 3,5-4 m breiður og alls um 5.000 m. Áætluð efnispörf vegna vegagerðar er um 12.000 m<sup>3</sup>.

### Stöðvarhús

Stöðvarhús framkvæmdarinnar er háð byggingarleyfi og í 4. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi segir að „framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi þurfa ekki framkvæmdaleyfi.“

### Efnistaka

Efnisþörf verður um 30.000-40.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir efnistöku í nágrenni framkvæmdasvæðisins á sjö efnistökusvæðum, bæði núverandi og nýjum svæðum, auk þess sem efni verður tekið úr lónstæði. Stærð nýrra efnistökusvæða er samanlagt um 22.000 m<sup>2</sup>.

### Fylgigögn

- Yfirlitsuppráttur af framkvæmd
- Deiliskipulagsuppráttur
- Breyting á aðalskipulagi
- Matsskýrsla framkvæmdar ásamt viðaukum og umsögnum sérfræðinga
- Niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
- Minnisblað um vöktunarátætlun að framkvæmdum loknum
- Minnisblað um endurheimt votlendis að framkvæmdum loknum

Einnig hafa borist frá Rarik í tölvupósti dagsettum 11. desember 2018 upprættir af strengleiðinni frá stöðvarhúsi Hólsvirkjunar að Rangárvöllum á Akureyri og staðfesting á að RARIK hafi náð samkomulagi við öll sveitarfélög á strengleiðinni og gengið frá samningum við alla landeigendur og afhent þau skjöl til þinglýsingar skv. eftirfarandi skilyrðum skipulags- og umhverfisnefndar í bókun frá 20. september s.l.

### **„Jarðstrengur:**

*Samhliða gerð virkjunarinnar verður lagður 33 kV jarðstrengur frá stöðvarhúsi virkjunarinnar að Rangárvöllum á Akureyri. Strengurinn verður plægður eða grafinn niður eftir aðstæðum á lagnaleiðinni. Lagning jarðstrengs tilheyrir virkjunarframkvæmdunum og er því hluti af framkvæmdaleyfisskyldri heildarframkvæmd. Áður en framkvæmdaleyfi virkjunarinnar verður gefið út skal leggja fram upprátt sem sýnir lagnaleiðina ásamt yfirlýsingu landeigenda/umráðamanna landeigna og sveitarfélaga á strengleiðinni um að þau leggist ekki gegn framkvæmdinni.“*

*Skipulags- og umhverfisnefnd telur að fyrirhuguð framkvæmd sé í samræmi við Aðalskipulag Þingeyjarsveitar 2010-2022, sbr. breytingu aðalskipulags sem samþykkt var af sveitarstjórn, dags. 4.10.2018 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 10.12.2018. Þá er framkvæmdin í samræmi við deiliskipulag Hólsvirkjunar, samþykkt var af sveitarstjórn 4.10.2018 og staðfest í B-deild Stjórnartíðinda 12.12.2018.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd hefur kynnt sér matsskýrslu framkvæmdar og álit Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum vegna framkvæmdarinnar: Hólsvirkjun.*

*Í álit Skipulagsstofnunar eru settar fram niðurstöður um mat á umhverfisáhrifum vegna þáttanna, Landslag, ásýnd og útivist, Gróður, Fuglar, Vatnalíf, Jarðmyndanir og Menningarminjar, sbr. kafla 3.1-3.6. Í köflunum er fjallað um mótvægisáðgerðir sem lýst er í matsskýrslu og sett fram sjónarmið um frekari mótvægisáðgerðir. Í samanteknum niðurstöðum Skipulagsstofnunar í kafla 5, kemur fram að stofnunin telji neikvæðustu umhverfisáhrif Hólsvirkjunar verði vegna skerðingar á votlendi. Jafnframt kemur fram það álit stofnunarinnar að nauðsynlegt sé að binda framkvæmdaleyfi skilyrði varðandi endurheimt votlendis.*

*Skipulags- og umhverfisnefnd tekur undir niðurstöður álits Skipulagsstofnunar varðandi umhverfisáhrif. Áréttað er að í matsskýrslu er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila sem eru hluti af lýsingu framkvæmdarinnar. Eftir að álit Skipulagsstofnunar*



kom fram í júní 2018, hefur aðalskipulag Þingeyjarsveitar verið endurskoðað og samþykkt deiliskipulag fyrir Hólsvirkjun. Við þá málsmeðferð hefur Þingeyjarsveit einnig tekið afstöðu til umfjöllunar álitis Skipulagsstofnunar um framkvæmdina og byggt á því að mótvægisáðgerðir skv. matsskýrslu og álitu Skipulagsstofnunar séu innleiddar í skipulagsáætlanir eins og við á. Þá hefur skipulags- og umhverfisnefnd lagt til að sett verði skilyrði um umhverfisvöktun, sbr. bókanir nefndarinnar dags. 11. janúar 2018 og 20. september 2018.

Í álitu Skipulagsstofnunar er að nokkru leyti fjallað um stöðu svæða sem njóta verndar skv. 61. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 og áðgerðir til að færa framkvæmdir út fyrir slík svæði eða lágmarka áhrif á þau. Við málsmeðferð skipulagsáætlana hefur jafnframt verið leitað umsagna Umhverfisstofnunar og náttúruverndarnefndar Þingeyinga, sbr. 2. mgr. 68. gr. náttúruverndarlaga.

Skipulags- og umhverfisnefnd leggur til að við útgáfu framkvæmdaleyfis verði sett eftirfarandi skilyrði í samræmi við álit Skipulagsstofnunar:

- Endurheimta þarf votlendi sömu stærðar og það sem þarf að skerða vegna Hólsvirkjunar. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Umhverfisstofnun um útreikninga á áhrifum framkvæmda á skerðingu votlendis áður en ráðist er í endurheimt.

Jafnframt verði sett skilyrði í samræmi við bókanir skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar frá 11. janúar 2018 og 20. september 2018:

- Við útgáfu á framkvæmdaleyfi verða sett skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisáhrifa eins og t.d. rofs á vatnsbökkum lóna og vatnsstreymi við pípuskurð og mun Þingeyjarsveit meta að framkvæmdum loknum, í samráði við sérfræðinga á þessu sviði, hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg og hve oft og hvaða umhverfisþætti skuli vakta.

Lagaskilyrði eru til útgáfu umsóttis framkvæmdaleyfis, sbr. 13. og 14. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Nefndin leggur til við sveitarstjórn að umsókn Arctic Hydro ehf. vegna Hólsvirkjunar verði samþykkt og jafnframt verði skipulags- og byggingarfulltrúa falið að gefa út framkvæmdaleyfið í samræmi við fyrirliggjandi drög að framkvæmdaleyfi, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og einnig 13. -16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.



---

## 247. fundur

### sveitarstjórnar Þingeyjarsveitar

**haldinn í Kjarna fimmtudaginn 13. desember 2018 kl. 13:00**

---

#### Fundinn sátu:

Arnór Benónýsson, oddviti, Margrét Bjarnadóttir, aðalmaður, Ásvaldur Ævar Þormóðsson, aðalmaður, Árni Pétur Hilmarsson, aðalmaður, Jóna Björg Hlöðversdóttir, aðalmaður, Sigurður Hlynur Snæbjörnsson, aðalmaður og Hanna Jóna Stefánsdóttir, aðalmaður.  
Að auki sat fundinn Dagbjört Jónsdóttir, sveitarstjóri sem ritaði fundargerð.

---

Oddviti setti fund.

#### Dagskrá:

##### 1. Skipulags- og umhverfisnefnd: Fundargerð -1804018

Lögð fram fundargerð 108. fundar Skipulags- og umhverfisnefndar frá 13. desember s.l.

Ásvaldur gerði grein fyrir fundargerðinni sem er í fjórum liðum.

1. liður fundargerðar; Hólsvirkjun, umsókn um framkvæmdaleyfi.

*Sveitarstjórn er sammála Skipulags- og umhverfisnefnd sem tekur undir niðurstöður álits Skipulagsstofnunar varðandi umhverfisáhrif. Áréttað er að í matsskýrslu er gerð grein fyrir mótvægisáðgerðum framkvæmdaraðila sem eru hluti af lýsingu framkvæmdarinnar. Eftir að álit Skipulagsstofnunar kom fram í júní 2018, hefur aðalskipulag Þingeyjarsveitar verið endurskoðað og samþykkt deiliskipulag fyrir Hólsvirkjun. Við þá málsmeðferð hefur Þingeyjarsveit einnig tekið afstöðu til umfjöllunar álits Skipulagsstofnunar um framkvæmdina og byggt á því að mótvægisáðgerðir skv. matsskýrslu og áliti Skipulagsstofnunar séu*

*innleiddar í skipulagsáætlanir eins og við á. Þá hefur Skipulags- og umhverfisnefnd lagt til að sett verði skilyrði um umhverfissvöktun, sbr. bókanir nefndarinnar dags. 11. janúar 2018 og 20. september 2018. Sveitarstjórn tekur undir afstöðu Skipulags- og umhverfisnefndar um þá umhverfisþætti sem ber að vakta á framkvæmdatíma og í lok framkvæmda og þær mótvægisáðgerðir sem gerð er krafa um að ráðist verði í sbr. bókun nefndarinnar frá 13. desember 2018 og minnisblaði Eflu verkfræðistofu um vöktunaráætlun Hólsvirkjunar frá 11. desember 2018.*

*Með vísan í bókun Skipulags- og umhverfisnefndar samþykkir sveitarstjórn umsókn Artic Hydro ehf. um framkvæmdaleyfi vegna Hólsvirkjunar og felur skipulags- og byggingarfulltrúa að gefa út framkvæmdaleyfi í samræmi við fyrirliggjandi drög að framkvæmdaleyfi, reglugerð um framkvæmdaleyfi nr. 772/2012 og einnig 13. -16. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.*

Pingeyjarsveit  
b.t. skipulagsfulltrúa  
Kjarna  
650 Laugum



B.R.



Akureyri, 11.12.2018

**Varðar: Hólsvirkjun – Umsókn um framkvæmdaleyfi**

Verkfræðistofan EFLA, fyrir hönd Arctic Hydro ehf., kt. 5011151690, Katrínartúni 2, 105 Reykjavík, sækir hér með um framkvæmdaleyfi til Pingeyjarsveitar skv. 13. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 og reglugerð nr. 772/2012 um framkvæmdaleyfi, vegna framkvæmda við Hólsvirkjun, nyrst í Fnjóskadal.

Sveitarstjórn samþykkti breytingu á aðalskipulagi og deiliskipulag vegna framkvæmdarinnar þann 4.10.2018. Skipulagstillögurnar hafa báðar verið staðfestar af Skipulagsstofnun.

Sótt er um leyfi fyrir eftirtaldar framkvæmdir:

- Lagningu á alls um 6.000 m langri aðfallspípu, með jöfnunarþró, frá stíflum að stöðvarhúsi.
- Lagningu á um 5.000 m löngum og 3,5-4 m breiðum slóða.
- Efnistöku á allt að 40.000 m<sup>3</sup> af efni úr bæði núverandi og nýjum efnistökusvæðum.
- Gerð á um 130 m frárennisskurði frá stöðvarhúsi, undir Fnjóskadalsveg eystri (nr. 835) og að Fnjóská.

Hér á eftir er helstu verkþáttum lýst gróflaga. Ítarlegri upplýsingar má finna í fylgigögnum.

Lýsing á framkvæmd

Umsókn um framkvæmdaleyfi nær til áforma Arctic Hydro ehf. um byggingu nýrrar vatnsaflsvirkjunar nyrst í Fnjóskadal, í landi Ytra-Hóls, Syðra-Hóls og Garðs. Virkjunarsvæðið nær frá Fnjóská upp á Hólsdal og Gönguskarð. Um er að ræða 5,5 MW vatnsaflsvirkjun, sem virkjar um 2,6 m<sup>3</sup>/s rennsli með 255 m fallhæð. Framkvæmdin felur í sér byggingu á stíflum í Hólsá og Gönguskarðsá, lagningu um 5.000m langrar aðrennslispípu með jöfnunarþró, byggingu stöðvarhúss og lagningu nýs vegslóða styrkingar eldri vegslóða. Áætluð efnispörf er um 30.000-40.000 m<sup>3</sup>.

Stíflur

Stíflur framkvæmdarinnar eru háðar byggingarleyfi og í 4. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi segir að „framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi þurfa ekki framkvæmdaleyfi.“

Aðrennslispípa

Frá Hólsdalsstíflu mun aðrennslispípa liggja með lágmarkshalla að jöfnunarþró. Við hana tengist aðrennslispípa frá Gönguskarðsstíflu, sem lögð verður á stöplum yfir Hólsá. Jöfnunarþró verður staðsett á hálsinum sunnan Garðsfells, niðurgrafin að mestu og með hámarkshæð um 4 m. Frá jöfnunarþró liggur þrýstipípa að stöðvarhúsi. Heildarlengd pípu verður um 5.000 m, niðurgrafin að mestu og allt að 1,2 m í þvermál. Áætluð efnispörf vegna lagningar pípu er um 15.000 m<sup>3</sup>.

**EFLA** VERKFRÆÐISTOFA

+354 412 6000 efla@efla.is www.efla.is

### Aðkoma og vegagerð

Núverandi slóði liggur frá Garði, nærri áætlaðri pípuleið að Gönguskarði. Verður hann lagfærður á hálsinum sunnan Garðsfells og frá Gönguskarðspípu að stíflu á Hólsá. Nýr vegur verður lagður frá Ytra-Hóli að pípustæði og meðfram pípu að tengingu á Hólsdal. Þá verður lagður vegslóði meðfram pípu að stíflu í Gönguskarðsá, en Hólsá þveruð með vaði. Gert er ráð fyrir lágmarksjöfnun yfirborðs undir vinnuvegi og að 40-60 cm þykkt burðarlag verði keyrt út á lítið hreyft yfirborð. Vegur verður um 3,5-4 m breiður og alls um 5.000 m. Áætluð efnisþörf vegna vegagerðar er um 12.000 m<sup>3</sup>.

### Stöðvarhús

Stöðvarhús framkvæmdarinnar er háð byggingarleyfi og í 4. gr. reglugerðar 772/2012 um framkvæmdaleyfi segir að „framkvæmdir sem háðar eru byggingarleyfi þurfa ekki framkvæmdaleyfi.“

### Efnistaka

Efnisþörf verður um 30.000-40.000 m<sup>3</sup>. Gert er ráð fyrir efnistöku í nágrenni framkvæmdasvæðisins á sjö efnistökusvæðum, bæði núverandi og nýjum svæðum, auk þess sem efni verður tekið úr lónstæði. Stærð nýrra efnistökusvæða er samanlagt um 22.000 m<sup>2</sup>.

### Fylgigögn

- Yfirlitsuppráttur af framkvæmd
- Deiliskipulagsuppráttur
- Breyting á aðalskipulagi
- Matsskýrsla framkvæmdar ásamt viðaukum og umsögnum sérfræðinga
- Niðurstaða Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum
- Minnisblað um vöktunaráætlun að framkvæmdum loknum
- Minnisblað um endurheimt votlendis að framkvæmdum loknum

Virðingarfyllt,  
f.h. Arctic Hydro ehf.

A handwritten signature in blue ink, appearing to read "Snævarr Örn", is written over a horizontal line.

Snævarr Örn Georgsson

Afrit sent til:  
Arctic Hydro ehf.

## MINNISBLAÐ

SKJALALYKILL	VERKHEITI
5901-003-MIN-001-V01	Hólsvirkjun
DAGS.	VERKKAUPI
11.12.2018	Arctic Hydro
SENDANDI	DREIFING
Snævarr Örn Georgsson	Skírnrir Sigurbjörnsson, Arctic Hydro
MÁLEFNI	

Vöktunaráætlun Hólsvirkjunar

### Vöktun að framkvæmdum loknum

Í vöktunaráætlun með umhverfisskýrslu deiliskipulags Hólsvirkjunar, sem ítrekuð er í matsskýrslu Hólsvirkjunar, er gert ráð fyrir eftirfarandi vöktun:

*„Gert er ráð fyrir að áhrif á gróður verði vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum þar sem rof á bökkum lóna og úrrennsli frá raski í hlíðum verður skoðað og lagfært eftir þörfum. Vaktað verður vatnsstreymi á votlendissvæðum þar sem mýrar hafa verið þveraðar og gerðar úrbætur eftir þörfum. Framkvæmdaraðili skal fá sérfræðing til að meta ástandið árlega og þörf fyrir úrbætur. Að fjórum árum liðnum skal samantekt um vöktun og aðgerðir lögð fyrir náttúruverndarnefnd sveitarfélagsins til mats um hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg.“*

Í álitni Skipulagsstofnunar um mat á umhverfisáhrifum Hólsvirkjunar frá 11. júní 2018 er ekki gerð nein krafa um frekari vöktun en fram kom í matsskýrslu Arctic Hydro. Sérfræðingar sem að könnuðu fugla- og vatnalíf töldu ekki ástæðu til neinnar skipulagðrar vöktunar að framkvæmdum loknum.

Þá er vísað til bókana skipulags- og umhverfisnefndar Þingeyjarsveitar frá 11. janúar 2018 og 20. september 2018:

*„Við útgáfu á framkvæmdaleyfi verða sett skilyrði um vöktun ákveðinna umhverfisáhrifa eins og t.d. rofs á vatnsbökkum lóna og vatnsstreymi við pípuskurð og mun Þingeyjarsveit meta að framkvæmdum loknum, í samráði við sérfræðinga á þessu sviði, hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg og hve oft og hvaða umhverfisþætti skuli vakta.“*

Því leggur EFLA til að eftirfarandi atriði verði vöktuð í fjögur ár að framkvæmdum loknum:

- Gróður á pípuleið og við mannvirki.
- Rof á lónbökkum.
- Vatnsstreymi á votlendissvæðum þar sem mýrar hafa verið þveraðar með pípu eða vegi.
- Úrskolun frá raski í hlíðum.

## Umsjón vöktunar

EFLA verkfræðistofa mun sjá um að halda utan um vöktun ofangreindra umhverfisbátta í fjögur ár að framkvæmdum loknum. Í þeim tilvikum þar sem starfsmenn EFLU hafa ekki næga sérfræðiþekkingu til að meta áhrif mun EFLA fá utanaðkomandi sérfræðing til að meta áhrif framkvæmdarinnar á viðkomandi vöktunarpátt. Að fjórum árum liðnum mun EFLA taka saman niðurstöður vöktunar og mótvægisáðgerðir, ef einhverjar voru, og leggja fyrir umhverfis- og skipulagsnefnd Þingeyjarsveitar til mats um hvort áframhaldandi vöktun sé nauðsynleg.

Fyrir hönd EFLU,



---

Snævarr Örn Georgsson

## MINNISBLAD

### SKJALALYKILL

5901-004-MIN-001-VO1

### DAGS.

11.12.2018

### SENDANDI

Snævarr Örn Georgsson

### VERKHEITI

Hólsvirkjun

### VERKKAUPI

Arctic Hydro

### DREIFING

Skírnir Sigurbjörnsson, Arctic Hydro

### MÁLEFNI

Hólsvirkjun – endurheimt votlendis

### Mat á umhverfisáhrifum

Í umsögn Umhverfisstofnunar um frummatsskýrslu Hólsvirkjunar kom fram sú krafa að framkvæmdaraðili endurheimti votlendi sem mótvægisáðgerð við þeirri röskun á votlendi sem að verður af völdum framkvæmda. Í álitinu frá 11. júní 2018 tók Skipulagsstofnun undir þessa kröfu og telur nauðsynlegt að binda framkvæmdaleyfi eftirfarandi skilyrði:

*„Endurheimta þarf votlendi sömu stærðar og það sem þarf að skerða vegna Hólsvirkjunar. Nauðsynlegt er að hafa samráð við Umhverfisstofnun um útreikninga á áhrifum framkvæmda á skerðingu votlendis áður en ráðist er í endurheimt.“*

### Endurheimt votlendis

Arctic Hydro mun standa fyrir endurheimt votlendis til samræmis við það votlendi sem skerðist vegna framkvæmda við Hólsvirkjun. Samhliða gróðurvöktun að framkvæmdum loknum mun óháður sérfræðingur kanna umfang þess votlendis sem skertist við framkvæmdir og í framhaldi af því verður haft samráð við Umhverfisstofnun og stuðst við leiðbeiningar stofnunarinnar um mat á röskun/endurheimt votlendis frá janúar 2006 við að meta umfang þess votlendis sem þarf að endurheimta.

Leiðbeingarnar er að finna undir slóðinni: [http://eldri.ust.is/media/fraedsluefni/Leidbeiningar\\_um\\_roskun\\_-\\_endurheimt\\_votlendis.pdf](http://eldri.ust.is/media/fraedsluefni/Leidbeiningar_um_roskun_-_endurheimt_votlendis.pdf)

Fyrir hönd EFLU,



Snævarr Örn Georgsson



## Bjarni Reykjalín

**From:** Pétur Einir Þórðarson <PetTho@rarik.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 11. desember 2018 17:15  
**To:** Bjarni Reykjalín  
**Cc:** Skírnir Sigurbjörnsson; Tryggvi Ásgrímsson  
**Subject:** FW: Hólsvirkjun-Akureyri.  
**Attachments:** Hólsvirkjun-Akureyri-Blað-1.pdf; Hólsvirkjun-Akureyri-Blað-2.pdf; Hólsvirkjun-Akureyri-Blað-3.pdf; Hólsvirkjun-Akureyri-Blað-4.pdf; Rangárvellir-Hólsvirkjun Fnjóskárdal\_Erindi til Akureyrarbæjar.pdf; Rangárvellir-Hólsvirkjun Fnjóskárdal\_255. fundur skipulagsnefndar Eyjafjarðarsveitar\_Skýringar.pdf; Rangárvellir-Hólsvirkjun Fnjóskárdal\_Erindi til Eyjafjarðarsveitar.pdf; Svalbarðsstrandarhreppur\_Svarbréf til Rarik\_26-01-17.pdf; RA-60437 - Eyjafjarðarsveit - Háspennustrengslögn Rangárvellir - Hólsvirkjun - bókun.pdf; Rangárvellir-Hólsvirkjun Fnjóskárdal\_Erindi til Þingeyjarsveitar\_Útfærsla á lagnaleið (003).pdf; Rangárvellir-Hólsvirkjun Fnjóskárdal\_Erindi til Svalbarðsstrandarhrepps\_Útfærsla á lagnaleið.pdf; RA-59599 - Rangárvellir Hólsvirkjun Fnjóskárdalur - strenglögn\_Niðurstaða.pdf

Sæll Bjarni.

Meðfylgjandi eru myndir af fyrirhugaðri lagnaleið 33 kV háspennustrengs milli Hólsvirkjunar og Rangárvalla ofan Akureyrar.

Jafnframt fylgja með afrit að erindum til viðkomandi sveitarfélaga vegna strenglagnarinnar ásamt svörum. RARIK hefur gengið frá samningum við alla landeigendur á lagnaleiðinni og afhent þau skjöl til þinglýsingar.

Með Kveðju  
Pétur E. Þórðarson

**From:** Jóhannes Árnason <joharn@rarik.is>  
**Sent:** þriðjudagur, 11. desember 2018 07:54  
**To:** Pétur Einir Þórðarson <PetTho@rarik.is>  
**Cc:** Jón Ísaksson Guðmann <Jonlsa@rarik.is>  
**Subject:** Hólsvirkjun-Akureyri.

Sæll.  
Hér eru 4 blöð. Vonandi er þetta nægjanlegt.  
Árfærslan er á tveimur blöðum, og ætti ekki að fara framhjá neinum!  
Kveðja. Jói.



**Jóhannes Árnason** | [joharn@rarik.is](mailto:joharn@rarik.is)  
Sérfræðingur, landmælingar | Specialist, Land Surveying  
Fjárfestingaáætlanir | Investment Planning

RARIK ohf | Dvergshöfða 2 | 110 Reykjavík | [www.rarik.is](http://www.rarik.is)  
Sími | Phone +354 5289000 | +354 5289262

*Innihald þessa skeytis er ætlað skráðum móttakanda einum. Ef þú hefur fengið skeytið vegna mistaka er þér með öllu óheimilt að framsenda eða afrita það.*

